



## Berum ábyrgð á eigin heilsu

### Tilkynning til dvalargesta – Nýr þjónustusamningur við Sjúkratryggingar Íslands

Um síðustu áramót var skrifað undir 5 ára þjónustusamning á milli Heilsustofnunar NLFÍ og Sjúkratrygginga Íslands (SÍ). Samningurinn tekur til annars vegar þverfaglegar endurhæfingar I fyrir 20 einstaklinga sem þurfa þunga endurhæfingu og þjálfun í kjölfar sjúkráhusvistar og/eða vegna tiltekinna sjúkdóma og hins vegar til þverfaglegar endurhæfingar II fyrir allt að 100 einstaklinga sem þurfa meðalþunga endurhæfingu og þjálfun.

Heilsustofnun þarf að berast beiðni frá stofnun eða lækni vegna þeirra dvalargesta sem samningurinn nær til. Mikilvægt er að hún berist í tíma og sé skilmerkileg. Tilvísunaraðilar í hóp I og II eru sjúkrahús, sjúkrastofnanir, endurhæfingarstofnanir, heilsugæslulæknar og sérfræðilæknar. Hámarks dvalartími í hóp I eru 4 vikur en í hóp II 6 vikur. Möguleiki er að fá sig fluttan á úr hópi I í hóp II.

Í öllum tilfellum verður gert árangursmat með viðurkenndum árangursmælingum á meðferð og við biðjum ykkur að vera hjálpleg við þær mælingar. Allar beiðnir eru metnar af innlagnateymi og settar í forgangsröð. Þeir sem eru í forgangi eru þeir sem þurfa endurhæfingu strax í kjölfar sjúkráhusvistar, þeir sem þurfa hjartaendurhæfingu á stigi II og þeir sem eru að fara út af vinnumarkaði sökum færniskerðingar eða heilsubrests. Endurhæfingaráætlun á að liggja fyrir innan þriggja virkra daga frá innlögn.

Innifalið í meðferð fyrir hóp I eru allar meðferðir, fæði og gisting. Kostnaður hans af dvöl er að fullu greiddur af SÍ. SÍ greiða meðferðir og fæði fyrir hóp II en gisting greiðist af sjúklingi. Sjúklingar í báðum hópum geta keypt viðbótarmeðferðir ef þeir óska þess, þar má nefna sjúkranudd, leirböð, heilsuböð, o.fl. Athugið að gert er ráð fyrir að sjúklingar komi með lyf sjálfir, þó útvegar stofnunin lyf í neyðartilfellum. Læknar stofnunarinnar gefa út lyfseðla á meðan á dvöl stendur og þau eru afgreidd á staðnum. Við hvetjum fólk til að koma með hjálpartæki að heiman til þess að kenna rétta notkun eða í þeim tilfellum þegar um tímabundna notkun er að ræða eins og við bæklunaraðgerðir.

Til viðbótar við dvöl fyrir sjúkratryggða einstaklinga verður bryddað upp á þeim nýmælum að einstaklingar geti komið í stakar meðferðir á göngudeild eða til lengri dvalar. Í þeim meðferðum verður markmiðið að efla heilbrigði, auka færni og vellíðan og styrkja einstaklinginn í að bera ábyrgð á eigin heilsu og velferð. Þessi nýja þjónusta verður kynnt nánar á komandi mánuðum.

Heilsustofnun er rekin í anda stefnu Náttúruvæðingafélags Íslands og mun einbeita sér að því að beita nútímalegum meðferðarformum og lækningaaðferðum og forðast kennisetningar sem ekki standast vísindalega gagnrýni. Hið samhæfða meðferðarform er alltaf undir handleiðslu fagfólks. Stofnunin fylgir gæðamarkmiðum Landlæknisembættisins og Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar og fer eftir heilbrigðislögum við meðferðir og við meðhöndlun upplýsinga.

Nánari upplýsingar veita Óskar Jón Helgason innlagnarstjóri í síma 483 0376 eða Ingi Þór Jónsson markaðsstjóri í síma 483 0336.

Hveragerði, 31. janúar 2012.

Ólafur Sigurðsson  
Framkvæmdastjóri HNLFI